



Próftaflan tilbúin

Próftafla haustannar 2011 er tilbúin og er komin á [heimasíðu skólans](#).

Nemendur, sem þurfa að taka tvö eða fleiri próf sama dag, geta sótt um að taka próf á sjúkraprófstíma. Umsóknir um það þurfa að berast í síðasta lagi 4. nóvember. Berist umsóknir síðar (í síðasta lagi 11. nóvember) þarf að greiða 2.200.- kr. gjald. Brautskráning fer fram í hátíðarsal skólans laugardaginn 17. desember kl. 11.

Á næstunni

Miðannarmat

Kennarar skólans munu færa inn miðannarmat seinnihluta næstu viku (12-16. okt). Þá geta nemendur og forráðamenn séð hvernig nemendur hafa staðið sig fram að þessu.

Haustfrí

Haustfrí er dagana 14. og 17. okt., en það eru föstudagur og mánudagur. Þetta má einnig sjá á [dagatali skólans](#) sem birt er á heimasíðu skólans.

Opinn fundur

Opinn fundur stjórnenda ásamt forystufólki NFFG er í Urðarbrunni miðvikudaginn 19. okt. Þá gefst nemendum tækifæri til að spyrja þessa aðila spurninga og koma gagnrýni og/eða hrósi á framfæri. [Hér](#) má sjá eldri fundargerðir opinna funda.

Björkvöld

Á hverri önn berast okkur til eyrna að skipulögð séu björkvöld fyrir nemendur skólans. Þetta er ekki nýtt fyrirbrigði og hafa framhaldsskólar glímt við þetta vandamál í áratugi. Því er mikilvægt að foreldrar átti sig á því að slík kvöld eru aldrei á vegum skólans.

Við skólastjórnendur eigum erfitt með að sætta okkur við að aðilar úti í bæ samþykki að halda slíkar samkomur og selji börnum svo ungum sem 15-16 ára áfengi. Við eigum líka erfitt með að sætta okkur við að foreldrar leyfi börnum sínum að sækja slíkar samkomur og láti okkur ekki vita ef slík samkoma standi til.

Ef við fáum vitneskju um að björkvöld standi til þá bregðumst við alltaf eins við. Við tölum við viðkomandi skemmtistað og látum lögregluna vita.

Auðvitað má deila um hvenær eðlilegt sé að ungt fólk smakki áfengi en allir hljóta að vera sammála um að ekki sé ásættanlegt að börnum yngri en 18 ára sé selt áfengi. Því skorum við á forráðamenn að taka höndum saman og koma í veg fyrir að unglingar fari á samkomur þar sem áfengi er selt. Ef þið eruð í vafa hvort samkoma er á vegum skólans eða ekki þá getið þið alltaf haft samband við skólann og leitað upplýsinga. Einnig er hægt að skoða heimasíðu skólans en þar eru [taldar upp skemmtanir á vegum NFFG](#).

Ef upp koma vandræði í sambandi við þessi björkvöld er iðulega haft samband við skólann og þá eigum við að leysa málin. Auðvitað gerum við það sem við getum, en eru björkvöld þar sem ólöggráða börn hafa áfengi um hönd vandamál skólans eða forráðamanna? Stjórnendur skólans eru alfarið á móti slíkum samkomum og gera það sem þeir geta til að koma í veg fyrir þær. Einnig ber að hafa í huga að afleiðingar þess ef illa fer lendir á þeim sem þar eru og forráðamönnum þeirra. Starfsmenn skólans eru ekki á staðnum til að grípa inn í ef illa fer eins og gert er þegar samkoman er á vegum skólans.

Ungt fólk sem ekki hefur neytt áfengis og fer á svona samkomu er óneitanlega mun líklegara til að hefja slíka neyslu þar sem einn bjór er kannski innifalinn í miðaverði björkvöldsins en sá sem lætur það eiga sig að fara á slíka samkomu. [Rannsóknir](#) á neyslu áfengis benda til að því seinna sem einhver hefur neyslu áfengis því minni líkur séu á viðkomandi lendi í vandræðum vegna þess.

Hver sem skoðun ykkar er þá hvet ég ykkur til að ræða þessi mál við ykkar unglinga. Skólinn getur ekki og á ekki að sjá um allar samræður við nemendur um þessi mál.